



# HANDBÓK VÍFILS

Unnið með hliðsjón af verkefninu  
„Á réttri leið“, gæðavottunarkerfi BÍS

4. útgáfa. Endurskoðuð í mars 2018

## Innihald

Inngangur .....	2
1. Skipulag félagsins.....	3
1.2. Skipurit .....	7
1.3. Starfslýsingar og verkefni.....	8
1.4. Nefndir og ráð .....	13
2. Starfsemi félagsins.....	15
2.2. Stefnumótun og áætlanir.....	16
2.8. Útivistarstefna .....	19
3. Fjármálastjórn .....	19
4. Fræðslumál og menntun.....	20
5. Samstarf .....	20
6. Fylgiskjöl .....	23

## Inngangur

Skátafélagið Vífill í Garðabæ var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1967 og hefur starfað í 50 ár. Félagið varð til upp úr starfi skáta, búsettum í Garðabæ en voru í Hraunbúum. Fyrst voru þeir í sveit og síðar deild í skátafélaginu Hraunbúum. Félagið var lengstum með félagsaðstöðu í Hraunhólum 12 en árið 2004 flutti það sig um set og hefur nú aðsetur í glæsilegu húsnæði, Jötunheimum við Bæjarbraut 7. Skátar í félaginu hafa að mestu stundað útlíf sitt í Vífilsbúð suður af Heiðmörk á landi Oddfellowa.

Gæðahandbókin var fyrst viðurkennd árið 2006 og síðan endurnýjuð 2011 og 2015. Handbókin var að mestu unnin af stjórn skátafélagsins og kom félagsráð einnig að endurskoðun hennar. Mikið af þeim texta sem hér birtist var til hjá félaginu í öðrum gögnum. Einnig var í verkinu stuðst við texta í handbókinni *Á rétttri leið* sem gefin er út af Bandalagi íslenskra skáta. Handbókin var kynnt og yfirfarin af foringjaráði félagsins og stjórn. Handbókin er nú endurskoðuð í fjórða sinn og komu margir að því verki. Félagsráð kom saman og var handbókin lesin nákvæmleg og gerðar athugasemdir og endurbætur á henni og þessi fjórða útgáfa lítur dagsins ljós. Settar hafa verið inn krækjur á efni sem stuðst er við m.a. hjá BÍS.

Gæðahandbókinni er ætlað að vera vegvísir í starfi Skátafélagsins Vífils og verður að vera í sífelldri endurskoðun af félagsráði (stjórn og foringjaráði). Endurskoðunin fer fram annað hvert ár í tengslum við endurnýjun Gæðavottunar BÍS.

# 1. Skipulag félagsins

## 1.1. Lög félagsins

### Lög skátafélagsins Vífils

#### I. kafli

#### Heiti félagsins, heimili og hlutverk

1. Félagið heitir Skátafélagið Vífill. Heimili þess og starfssvæði er í Garðabæ.
2. Félagið er fullgildur aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS) og starfar innan vébanda þess.
3. Markmið félagsins er það sama og fram kemur í [lögum BÍS](#), 1. kafla, 2. og 3. grein. Félagið starfar eftir þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, *Baden Powell*, setti skátastarfi í skátaheiti og lögum.

#### II. kafli

#### Félagsmenn

4. Í félaginu starfa skátar á öllum aldri. Einnig er heimilt að stofna sveitir sérskáta, s.s. sjóskáta og radióskáta, sem starfa innan félagsins.
5. Til að ganga í félagið þarf viðkomandi:
  - a. að vera 7 ára eða eldri
  - b. að fá leyfi foreldra eða forráðamanna, sé viðkomandi undir 18 ára aldri.Hver og einn telst félagi sem hefur greitt ársgjald til félagsins og þegar félagsstjórn hefur samþykkt inntöku hans. Segi einhver sig úr félaginu, skal tilkynna það sveitarfóringja eða félagsstjórn.
6. Félagar skulu taka virkan þátt í skátastarfinu. Veruleg forföll og brot á almennu velsæmi að mati sveitarfóringja og stjórnar félagsins getur valdið brottvikningu úr félaginu.
7. Skátinn greiðir félagsgjald, en upphæð þess hverju sinni ákvarðast af stjórn félagsins.
8. Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa undir kjörorðinu „Ávallt viðbúinn“.

#### III. kafli

#### Aðalfundur

9. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í febrúar ár hvert. Til hans skal boða alla skáta í félaginu 16 ára og eldri. Fundurinn skal boðaður bréflaga og/eða með tölvupósti með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara. Með fundarboði er æskilegt að senda skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga félagsins. Ef aðalfundur er löglega boðaður telst hann lögmætur.

10. Kosningarétt á aðalfundi hafa aðeins starfandi skátar í félaginu, 16 ára og eldri. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn BÍS og bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa.
11. Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:
  1. Fundur settur.
  2. Kosning fundarstjóra og ritara. Þeir skulu ekki vera úr röðum stjórnarmanna.
  3. Athugað kjörgengi fundarmanna og lögmæti fundar kannað.
  4. Skýrsla stjórnar.
  5. Lagðir fram til samþykkis endurskoðaðir reikningar félagsins.
  6. Lagabreytingar.
  7. Kosning stjórnar.
  8. Kosning skoðunarmanns reikninga.
  9. Starfsáætlun nýbyrjaðs árs kynnt.
  10. Fjárhagsáætlun ársins kynnt.
  11. Önnur mál
  12. Fundi slitið.
12. Reikningsár félagsins skal miðast við almanaksárið.

#### IV. Kafli

##### **Stjórn félagsins, félagsráð, foringjaráð og fastanefndir.**

Stjórn félagsins skipa 7 manns, félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi, gjaldkeri, ritari og 3 meðstjórnendur. Kosning allra í stjórninni er til tveggja ára. Félagforingja skal kjósa sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Hætti einhver í stjórninni á meðan kjörtímabili stendur skal stjórnin skipa annan í staðinn.

13. Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins milli aðalfunda með þeim takmörkum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjármálum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift félagsforingja og gjaldkera nægileg til þess. Til meiriháttar ákvarðana þarf samþykki meirihluta stjórnar.
14. Verkefni stjórnar félagsins eru m.a.:
 

Sjá um stefnumótun og áætlanagerð félagsins (til lengri og skemmri tíma), sérstaklega hvað varðar viðburði á vegum félagsins, mannauð, fjárreiður, uppbyggingu húsnæðis og aðstöðu og félagafjölda.

Annast upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við:

  - a. Bandalag íslenskra skáta
  - b. Bæjarstjórn Garðabæjar og stofnanir bæjarins
  - c. Ýmis félagasamtök í sveitarfélaginu.
  - d. Foreldra
  - e. Almennig

Veita félagsmönnum og verkefnahópum upplýsingar sem varða störf þeirra.  
 Standa fyrir viðburðum og þjónustuverkefnum í sveitarfélaginu.  
 Halda skrá um skráða félaga, fyrrverandi og núverandi.  
 Halda skrá um þær viðurkenningar sem félögum hlotnast.

Annast innheimtur félagsgjalda.

Annast viðhald og betrumbætur húsnæðis og annarra eigna félagsins: Skátaheimili, skátaskáli, viðlegubúnaður, leiktæki, verkfæri, áhöld, tæki, skrifstofubúnaður, húsgögn, viðurkenningar og skátaminjar.

Annast ráðningu starfsmanna/starfsmanns, foringja, verkefnastjóra og verkefnahópa og veita þeim erindisbréf.

Skipuleggja foringjapjálfun félagsins.

Veita foringjum félagsins aðhald og hvatningu í starfi.

Félagsstjórn getur falið starfsmönnum, verkefnastjórum og verkefnahópum að sjá um eitt eða fleiri ofangreindra verkefna.

15. Stjórnarfundur skal halda reglulega og boða með tryggilegum hætti með a.m.k. eins dags fyrirvara. Formenn fastanefnda skulu boðaðir á stjórnarfundum. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn mæta. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar.
16. Í félaginu skal starfa félagsráð. Félagsráð er samstarfsvettvangur félagsstjórnar og foringjaráðs. Félagsráð fundar a.m.k. tvisvar á ári að hausti og í byrjun árs. Félagsráð kýs fulltrúa í fastanefndir félagsins (sjá lið nr. 19) og mótar starfsáætlun félagsins. Félagsstjórn boðar til félagsráðsfunda.
17. Í félaginu skal starfa foringjaráð og ber félagsstjórn ábyrgð á störfum þess. Sæti í því eiga allir sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar. Foringjaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og skal farið eftir almennum fundarsköpum á fundum þessum. Aðstoðarfélagsforingi stýrir störfum foringjaráðs.
18. Verkefni foringjaráðsins er að skipuleggja og samræma sameiginlegt starf sveita, fjalla um foringjapjálfun og ræða starf félagsins. Stjórn félagsins ber að taka tillit til meirihluta samþykka foringjaráðsfunda.
19. Við félagið starfa fjórar fastanefndir:
  - a. Húsfélag. Sameiginleg nefnd Vífils og HSG um rekstur Jötunheima. Vífill og HSG setja sér sameiginlegar reglur um skipulag og verkefni nefndarinnar.
  - b. Húsnefnd. Sér um viðhald og eignir Vífils, þar með talið Jötunheima í samráði við húsfélagið.
  - c. Skálanefnd. Sér um Vífilsbúð, skála félagsins.
  - d. Fræðslu og kynningarráð. Nefndin annast kynningu á félaginu út á við ásamt útgáfumálum. Sér um fræðslu til foringja, foreldra og annarra.

Félagsstjórn ákvarðar nánar um verkefni þessara nefnda.


V. Kafli  
**Ýmis ákvæði**

20. Hætti félagið störfum skulu eignir þess fara í umsjón bæjarstjóra Garðabæjar og skulu þær ávaxtaðar eins og best verður á kosið í 10 ár. Hefji félagið eða viðurkenndur arftaki þess aftur starf innan þess tíma tekur félagið við eignunum aftur. Að öðrum kosti ráðstafar Bæjarstjórn Garðabæjar eignum þessum í samráði við þrjá síðustu félagsforingja félagsins og stjórn BÍS.
21. Stjórn félagsins ber ábyrgð á framkvæmdum þessara laga.
22. Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega ef tillaga til lagabreytinga verður tekin til meðferðar á fundinum og skal efni hennar þá lýst. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 hluti fundarmanna tekur hún þegar gildi. Tillögur til lagabreytinga skal afhenda stjórn félagsins 14 dögum fyrir aðalfund.
23. Lög þessi taka þegar gildi.

Garðabær 5. mars 2015

Fh. stjórnar  
*Hafdís Bára Kristmundsdóttir*  
félagsforingi

## 1.2. Skipurit





## 1.3. Starfslýsingar og verkefni

### 1.3.1. Félagstofringi

Félagstofringi er fulltrúi félagsins gagnvart Bandalagi íslenskra skáta. Hann sér um upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við bæjaryfirvöld Garðabæjar, Hjálparsevit skáta í Garðabæ og önnur félög og stofnanir sem Vífill á samskipti og samstarf við. Félagstofringi getur falið öðrum aðilum að taka að sér viðfangsefni í samskiptum við fyrrgreinda aðila um lengri eða skemmri tíma. Hann boðar og stjórnar fundum félagsstjórnar. Hann skipar sveitarstofringja félagsins í samráði við aðstoðarfélagstofringja. Félagstofringi skipar í starfshópa á vegum félagsins í samráði við stjórn félagsins. Félagstofringi ber ábyrgð á að ársskýrsla félagsins sé tilbúin og flutt á aðalfundi félagsins.

### 1.3.2. Aðstoðarfélagstofringi

Aðstoðarfélagstofringi hefur eftirlit með starfi skátasveita í Vífli. Aðstoðarfélagstofringi boðar og stjórnar fundum foringjaráðs og annast þannig upplýsingagjöf, samskipti og samstarf við foringja félagsins. Aðstoðarfélagstofringi gegnir störfum félagsstofringja í fjarveru hans.

### 1.3.3. Ritari

Ritari er staðgengill aðstoðarfélagstofringja. Hann heldur gjörðabók um alla félagsstjórnafundi í samráði við starfsmann félagsins. Ritari skráir greinargerð um alla þá starfsmenn sem koma fram í ársskýrslu og heyrir undir störf stjórnar og heldur utan um skýrslur nefnda og sveita. Ritari sér til þess að skrifleg gögn og aðrar minjar um félagsstarfið og útgáfa á vegum félagsins séu varðveitt á öruggan hátt. Ritari annast útgáfumál félagsins bæði á vef og prenti s.s heimasíðu og fréttabréf í samstarfi við starfsmann og verkefnahópa. Hann er og tengiliður við fræðslu- og kynningarráð.

### 1.3.4. Gjaldkeri

Gjaldkeri félagsins sér um félagssjóð og bókhald hans. Gjaldkeri annast öll fjármál félagsins í samstarfi við starfsmann félagsins. Gjaldkeri ber ábyrgð á innheimtu félagsgjalda og félagatali í samstarfi við starfsmann félagsins. Hann gerir ársreikninga sem bornir eru upp á aðalfundi félagsins og fjárhagsáætlun komandi árs. Gjaldkeri hugar að tekjuliðum félagsins bæði þeim sem snúa að Garðabæ og öðrum. Hann leitast við, í samstarfi við stjórnina að tryggja jákvæða afkomu félagsins.

### 1.3.5. Meðstjórnandi

Meðstjórnandi er tengill stjórnar við vinnuhópa sem starfa á vegum félagsins og stýrir viðburðum á vegum félagsins. Dæmi um vinnuhópa eru; skálanefnd, húsnefnd og fræðslu- og kynningarráð. Dæmi um viðburði á vegum félagsins eru; t.d. félagsútilegur, hátíðarhöldin á sumardaginn fyrsta, hátíðarhöldin á 17. júní, sumarstarf, fararhópar á skátamót. Hann skilar skýrslu á aðalfundi um störf nefndanna og sér um að skýrsla stjórnar innihaldi réttar upplýsingar um nefndarstörf. Meðstjórnendur hafa eftirlitsskyldu með ýmsum viðburðum og taka eftir atvikum að sér stjórn þeirra og skipulag eða tilnefna aðra til þess.

### 1.3.6. Félagssráð

Félagssráð Vífils er skipað stjórn félagsins og foringjaráði. Félagssráð fundar tvisvar á ári að lágmarki. Hlutverk ráðsins er að samhæfa og samstillja störf stjórnar og foringja og leggja grunn að stefnumörkun félagsins og árlegri félagsdagskrá. Félagstofringi stýrir störfum félagssráðs. Allir foringjar, stjórnarliðar, nefndarmenn og aðrir skátar sem náð hafa 18 ára aldri skulu undirrita leyfi sem heimilar BÍS upplýsingaöflun úr sakaská sbr. 10 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

### 1.3.7. Foringjaráð

Foringjaráð Vífils er skipað sveitarforingjum, aðstoðarsveitarforingjum og aðstoðarfélagsforingja. Foringjaráð fundar mánaðarlega. Hlutverk ráðsins er að samhæfa störf skátasveita, veita sveitarforingjum ráðgjöf og stuðning og tryggja öflugt upplýsingaflæði innan félagsins. Aðstoðarfélagsforingi stýrir störfum ráðsins og flytur fundargerðir ráðsins á stjórnarfundum. Allir foringjar, stjórnarliðar, nefndarmenn og aðrir skátar sem náð hafa 18 ára aldri skulu undirrita leyfi sem heimilar BÍS upplýsingaöflun úr sakaská sbr. 10 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

### 1.3.8. Deildarforingi

Deildarforingi er kallaður til starfa í dreka- og fálkaskátasveitum þegar sveitir eru orðnar fleiri en ein eða aðstæður kalla á stuðning deildarforingja. Verkefni þeirra er að styðja við foringjana og aðstoða þá við að efla starfið í sveitunum. Þeir fara yfir starfsáætlanir með foringjunum og koma með athugasemdir og endurbætur. Veita þeim aðstoð með aðföng og annað er þörf krefur í starfinu ásamt því að sjá um fræðslu og meta þörfina fyrir hana. Þeir aðstoða við foreldrafundi og stærri viðburði í samstarfi við starfsmann félagsins.

### 1.3.9. Sveitarforingi

- Foringi skal standast [reglugerð nr. 10](#) um hæfi skátaforingja og hafa undirritað drengskaparheit foringja og heimild til öflunar gagna úr sakaskrá.
- Foringi á að ala skátana upp í anda skátalaga og skátaheitis og vera skátunum til fyrirmyndar um háttvísi, glaðværð, stundvísi og reglusemi. Foringi á að hvetja skátana til agaðrar en sjálfstæðrar hugsunar, hjálpssemi og heilbrigðra lífsviðhorfa. Foringi á að veita skátunum viðeigandi hvatningu fyrir störf sín þ.m.t. með því að hrósa þeim og veita viðurkenningar og merki ef það á við.
- Foringi stýrir og ber ábyrgð á öllu starfi í sveitinni: Starfi, viðfangsefnum, framgöngu og umgengni einstakra skáta, flokka, hópa, á fundum, í ferðum og útilegum. Þá stýrir foringi sveitinni í allri dagskrá félagsins og tekur þátt í henni.
- Foringi annast félagatal sveitarinnar í samstarfi við starfsmann. Hann fylgist með mætingu skátanna á fundi og viðburði. Hann heldur einnig utan um námskeiðsstöðu og umbunakerfi sveitarmeðlima.
- Foringi á ávallt að vera í skátaheimili þegar skátar í sveitinni eru þar við störf. Foringi tryggir öryggi og nauðsynlegan undirbúning og mönnun í öllum ferðum og útilegum á vegum sveitarinnar. Forfallist foringi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum ber honum að tilkynna það starfsmanni Vífils svo fljótt sem auðið er.
- Foringi á að mæta að lágmarki 30 mínútum fyrir auglýstan fundartíma og tryggja að nauðsynlegum undirbúningi sé lokið áður en starf hefst.
- Foringi skiptir verkum með aðstoðarsveitarforingjum, leiðbeinir þeim í starfi og stýrir endurmati á viðburðum á vegum sveitarinnar í gegnum sveitarráð.
- Foringja ber að taka þátt í störfum foringjaráðs Vífils.
- Foringi gerir áætlun í upphafi starfsárs í samstarfi við sveitarráð um starfið fram að jólum og í byrjun árs gerir hann áætlun um starfið til sumars og skilar þeim til aðstoðarfélagsforingja þegar starf hefst.
- Í störfum sveitarinnar á foringi að taka mið af:
  - Skátaheiti og skátalögum
  - Lögum BÍS
  - Verkefnagrunni BÍS
  - Lögum Vífils
  - Starfsáætlun og stefnu Vífils

- Foringi ber ábyrgð á því að viðhalda og efla eigin starfshæfni t.a.m. með símenntun.
- Foringi tekur saman yfirlit yfir starf sveitarinnar í janúar og júní og skilar til ritara. Yfirlitið er birt í ársskýrslu.
- Hann tekur þátt í greinaskrifum og efnisöflun fyrir vefmiðla og fjölmiðla. t.d. Garðapóstinn bæjarblað Garðbæinga.
- Foringi tekur reglulega myndir í starfinu og miðlar fréttum úr starfinu í samvinnu við starfsmann félagsins.
- Foringi sér um upplýsingastreymi til foreldra bæði fyrir og eftir fundi.

### 1.3.10. Aðstoðarsveitarforingi

- Aðstoðarsveitarforingi tekur þátt í undirbúningi, framkvæmd og endurmati sveitarstarfsins.
- Aðstoðarsveitarforingi á að mæta að lágmarki 30 mínútum fyrir auglýstan fundartíma og tryggja að nauðsynlegum undirbúningi sé lokið áður en starf hefst.
- Hann heyrir undir sveitarforingja, tekur við leiðbeiningum frá honum. og annast starf sveitar í samstarfi við hann.
- Hann mætir á foringjaráðsfundi og tekur þátt í störfum þess
- Tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa atburða á vegum félagsins.
- Aðstoðarsveitarforingjar eru ekki ábyrgir fyrir starfinu eða þátttakendum enda þurfa þeir ekki að vera orðnir lögráða.
- Allir aðstoðarsveitarforingjar sem komnir eru yfir 18 ára aldur skulu standast kröfum um hæfi foringja frá BÍS, undirrita drengskaparheit BÍS ásamt heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá.
- Í störfum sveitarinnar á foringi að taka mið af:
  - Skátaheiti og skátalögum
  - Lögum BÍS
  - Verkefnagrunni BÍS
  - Lögum Vífils
  - Starfsáætlun og stefnu Vífils

### 1.3.11. Starfsmaður Vífils

#### Erindrektur stjórnar

- Sítur stjórnarfundu og foringjaráðsfundi. Sér um að fundargerðir séu skráðar í samráði við ritara og sendir út til stjórnar og foringja.
- Færir og viðheldur félagatal í samráði við gjaldkera og ritara.
- Annast skýrslugerð og samskipti við skrifstofu BÍS.
- Sinnir bréfaskriftum og upplýsingastreymi til foreldra.
- Hefur yfirumsjón með vefsíðu félagsins og miðlar efni frá foringjum og stjórn.
- Tekur þátt í sameiginlegum viðburðum á vegum félagsins, eftir ákvörðun stjórnar og aðstoðar við stjórnun þeirra.
- Áframsendir póst og erindi sem berst til félagsins og kemur í hendur réttira aðila innan félagsins.
- Annast pantanir á gistingu og langferðabílum vegna útilífs á vegum félagsins.

#### Fjármál

- Innheimtir félagsgjöld í samráði við gjaldkera.
- Tekur við greiðslum frá foreldrum.
- Annast innkaup og sölu á skátavörum.
- Hefur yfirumsjón með öllum fjáröflunum félagsins.

- Er upplýstur um fjáraflanir þegar foreldrar hafa umsjón með fjáröflunum.
- Annast innkaup á helsta efni til rekstrar skátaheimilis og stærri viðburða.
- Vinnur að fjármálum félagsins í samráði við gjaldkera.

#### Stuðningur við foringja

- Er ætíð í skátaheimilinu þegar sveitarfundir eru haldnir.
- Aðstoðar við áætlanagerð sveita og flokka og fylgir því eftir að áætlanir standist
- Aðstoðar við einstök verkefni á fundum.
- Heldur utan um hvatakerfi.
- Leiðbeinir sveitarforingjum um upplýsingagjöf til foreldra.
- Styður við störf sveitarforingja og stuðlar að því að starfið og öll framganga í starfinu sé í samræmi við skátaheit og -lög.

#### Húsnæði og eignir

- Hefur eftirlit með umgengni og hegðun skátanna.
- Hefur eftirlit með ræstingu á húsinu.
- Sér um að smærra viðhald sé framkvæmt
- Hefur umsjón með búnaði félagsins í samráði við húsnefnd
- Annast útleigu á skátaskála félagsins í samstarfi við skálanefnd.
- Annast útleigu á skátaheimili félagsins í samráði við umsjónarmann salarins.
- Hefur eftirlit með umgengni um bifreið félagsins og að reglum varðandi hana sér framfylgt.
- Bókar í salinn vegna viðburða félagsins og HSG í tíma.

#### Annað

- Önnur verkefni sem stjórn felur starfsmanni að sinna.

### **1.3.12. Fyrirliði sjálfboðastarfs**

Fyrirliði sjálfboðastarfs er fullorðinn sjálfboðaliði sem á sæti í stjórn skátafélagsins eða starfar náið með henni, allt eftir stærð og eðli hvers skátafélags.

Lykilhlutverk Fyrirliða sjálfboðastarfs er að halda utan um mannauðinn sem felst í fullorðnum sjálfboðaliðum í skátafélaginu. Hann er þar af leiðandi jafn mikilvægur öðrum fullorðnum sjálfboðaliðum við að vinna að uppeldismarkmiðum.

Mikilvægt er að sá sem tekur starfið að sér sé tilbúinn að sinna því í a.m.k. tvö til þrjú ár og sé áhugasamur um skátastarfið og velferð skátafélagsins.

#### Starfslýsing fyrirliða sjálfboðastarfs:

- Umsjón með mannauðskerfi skátafélagsins.
- Tengiliður við BÍS vegna þróunar á mannauðskerfinu.
- Fer reglulega yfir þarfir skátafélagsins fyrir sjálfboðaliða með félagsstjórn með hliðsjón af framtíðarsýn þess, stefnumótun og starfsáætlunum.
- Heldur utan um skráningu á fullorðnum sjálfboðaliðum á nafnalista skátafélagsins.
- Heldur utan um Sjö stjórnun ferli „ráðningar“ nýrra sjálfboðaliða.
- Heldur utan um árangursmat og starfsþróun sjálfboðaliða félagsins.
- Stýrir reglulega kynningarátaki til að fjölga fullorðnum í skátastarfi.
- Tekur við beiðnum um sjálfboðaliða frá öðrum í skátafélaginu, til dæmis félagsstjórn, foringjaráði eða sveitarforingjum, hvort heldur er vegna viðburða eða langtímaverkefna.
- Mætir reglulega á stjórnarfundi skátafélagsins.

### 1.3.13. Umsjónarmaður salar

- Stjórn Vífils ræður umsjónarmann sem hefur yfirumsjón með samkomusal skátaheimilisins. Sér um útleigu, rekstur og þrif á eldhúsi og sal.
- Hann sér um að viðeigandi búnaður sé til staðar s.s. borðbúnaður og ræstivörur.
- Yfirþjónn hefur aðstoðarfólk sér til aðstoðar eftir því sem þörf krefur.
- Hann sér um gerð leigusamninga við leigutaka og að samningar séu uppfylltir.
- Hann hefur umsjón með að greitt hafi verið fyrir salinn inn á reikning félagsins á réttum tíma.
- Starfsmaður félagsins getur bókað í salinn og sér um að bóka salinn vegna viðburða félagsins og HSG í tíma.

### 1.3.14. Stjórnandi sumarstarfs

Stjórn Vífils ræður starfsmann sem stýrir öllu sumarstarfi á vegum Vífils. Heimilt er að ráða einn eða fleiri aðila og fela þeim sérstök verkefni við umsjón námskeiðanna. Helstu verkefni eru:

- Stýrir kynningu, undirbúningi, framkvæmd, uppgjöri og mati á þeim sumarnámskeiðum sem Vífill stendur fyrir.
- Ber ábyrgð á öryggi þátttakenda í sumarstarfi og sér til þess að viðeigandi öryggisreglur séu í heiðri hafðar í öllu starfi og sér til þess að fullnægjandi öryggisbúnaður sé til reiðu öllum stundum.
- Stýrir starfsmannahaldi í sumarstarfi í samstarfi við stjórn Vífils og sér um daglega verkstjórn og verkaskiptingu.
- Sér um vinnuskil starfsmanna og kemur upplýsingum til launadeildar Garðabæjar.
- Sér um útleigu skátaheimilis, skátaskála og búnaðar félagsins yfir sumartímann í samráði við starfsmann.
- Skilar skýrslu um sumarstarfið í lok ágúst og stuttri greinargerð sem verður hluti af ársskýrslu félagsins.

### 1.3.15. Umsjónarmaður hátíðahalda á 17. júní

Umsjón með hátíðahöldum á 17. júní í Garðabæ er í samræmi við samning félagsins og bæjarfélagsins. Samningurinn gildir frá einu og upp í þrjú ár.

- Umsjónarmaður undirbýr umsjón Vífils með hátíðahöldunum á 17. júní í Garðabæ ár hvert og fær aðstoðarfólk með sér eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni.
- Umsjónarmaður sér um skipulag, dagskrá og framkvæmd hátíðahaldanna, undirbúning, fjárhagsáætlun, uppgjör og ritun lokaskýrslu.

### 1.3.16. Umsjón með sumardeginum fyrsta

Verkefnisstjóri sumardagsins fyrsta er skipaður af stjórn ár hvert.

- Hann hefur umsjón með undirbúningi viðburðarins í samstarfi við starfsmann.
- Hann útteilir verkefnum til stjórnarmanna, foringja og annarra eftir þörfum.
- Hann tekur saman skýrslu um framkvæmdina og heldur saman gögnum um viðburðinn í samstarfi við starfsmann.

### 1.3.17. Verkefnisstjóri félagsútilegu

- Verkefnisstjóri/verkefnisstjórar félagsútilegu er/eru skipaður af stjórn ár hvert.
- Hann hefur umsjón með undirbúningi viðburðarins, útteilir verkefnum til sveita, foringja, stjórnarmanna og annarra eftir þörfum í samráði við starfsmann.
- Hefur eftirlit með undirbúningi og framkvæmd viðburðarins.
- Hann skilar skýrslu til stjórnar um viðburðinn.

### 1.3.18. Fararstjóri á skátamót

- Fararstjóri eru skipaður af stjórn.
- Hann hefur umsjón með undirbúningi viðburðarins, útteilir verkefnum til sveita, foringja, stjórnarmanna og annarra eftir þörfum í samráði við starfsmann.
- Hefur eftirlit með undirbúningi og framkvæmd viðburðarins.
- Hann sér um samskipti við forráðamenn skátanna og aflar samþykkis þeirra fyrir þátttöku í mótinu.
- Hann hefur umsjón með fjármálum og fjáröflunum í samráði við foreldra.
- Hann skilar skýrslu til stjórnar um viðburðinn.

## 1.4. Nefndir og ráð

Samfara nýjum áherslum þarf að skerpa hlutverk nefnda og stjórna. Um hlutverk foringjaráðs og félagsráðs er getið í lögum félagsins. Almenna reglan er sú að nefndarstarfi sé stjórnað af meðstjórnendum og að nefndir fundi reglulega þó að þeir séu að sjálfsgögðu mistíðir. Meðstjórnendur skipta nefndarstörfum og formennsku nefndanna á milli sín annað hvort í upphafi árs eða eftir því sem hentar. Formenn nefnda geta verið utan stjórnar. Nefndir eru kjörinn vettvangur til að virkja baklandið og foreldrana í félaginu og á að nota markvisst til þess. Allir foringjar, stjórnarliðar, nefndarmenn og aðrir skátar sem náð hafa 18 ára aldri skulu undirrita leyfi sem heimilar BÍS upplýsingaöflun úr sakaská sbr. 10 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

### 1.4.1. Húsnefnd

- Annast skráningu og viðhald eigna og eignaskrár.
- Annast útlífs- og viðlegubúnað félagsins.
- Annast smærra viðhald.
- Stýrir stærri ný- og viðhaldsframkvæmdum á skátaheimili, skátaskála og á lóð félagsins.
- Stærri viðhaldsframkvæmdir skulu kynntar, ræddar og ákveðnar á stjórnarfundum Vífils.
- Starfar með húsfélagi (Vífill og HSG) að framkvæmdum við sameign.
- Skipunartími skáta í húsnefnd er til tveggja ára og er nefndin skipuð af stjórn á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- Greinargerð um störf húsnefndar skal flutt á aðalfundi félagsins og birt í ársskýrslu.

### 1.4.2. Skálanefnd

- Annast eftirlit með leigutökum í samstarfi við starfsmann félagsins.
- Sér til þess að skálinn sé í leiguhæfu ástandi og að allur nauðsynlegur búnaður sé til staðar m.a. til þrifa, uppþvotta, matseldar og málsverða.
- Fylgist með því að nauðsynlegur öryggisbúnaður sé ætíð til í skálanum.
- Gengur eftir því að skálinn og umhverfi hans sé ávallt hreint og snyrtilegt.
- Annast smærra viðhald á skála félagsins.
- Fylgja eftir því að stærra viðhald á skálanum fari fram.
- Skipunartími skáta í skálanefnd er til tveggja ára og er nefndin skipuð af stjórn á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- Greinargerð um störf skálanefndar skal flutt á aðalfundi félagsins og birt í ársskýrslu.
- Skálanefnd sér um að auglýsa skálann í samráði við starfsmann með það markmið að hann fái hámarksnýtingu.

### 1.4.3. Húsfélag

- Skátafélagið Vífill á tvo fulltrúa í stjórn húsfélags Jötunheima sem er sameiginlegt húsnæði Skátafélagsins Vífils og Hjálparsveitar skáta í Garðabæ.
- Skipunartími skáta í húsfélagi er til tveggja ára og eru fulltrúar skipaðir af stjórn á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- Formaður húsnefndar situr í hússtjórn.
- Hússtjórn tekur ákvarðanir um sameiginleg málefni húsfélagsins, þ.e. rekstur og viðhald Jötunheima við Bæjarbraut.
- Stærri viðhaldsframkvæmdir skulu kynntar, ræddar og ákveðnar á stjórnarfundi Vífils.

### 1.4.4. Fræðslu- og kynningarráð

- Fylgist með framboði á skátanámskeiðum sem standa foringjum félagsins til boða.
- Annast kynningu á námskeiðunum til foringja og halda utan um námskeiðaskráningu félagsins í samráði við starfsmann.
- Stendur fyrir smærri námskeiðum fyrir skáta í félaginu eins og aðstæður bjóða hverju sinni.
- Kynnir störf félagsins út á við.
- Annast kynningu á starfi félagsins í upphafi starfsárs og sumarstarfs.
- Aðstoðar foringja við að birta reglulega fréttir og efni um starfið.
- Annast efnisöflun og ritstýrir vefsíðu félagsins og í samráði við starfsmann og ritara.
- Skipunartími skáta í fræðslu- og kynningarráð er til tveggja ára og eru fulltrúar skipaðir af stjórn á fyrsta fundi eftir aðalfund.
- Greinargerð um störf kynningarráðs skal flutt á aðalfundi félagsins og birt í ársskýrslu.

### 1.4.5. Umhverfisráð

- Í því sitja fulltrúar allra skátasveita, stjórnar, foringja og foreldra.
- Vinnur að umhverfisstefnu félagsins og umhverfissáttmála, kynningu og endurmati.
- Er leiðandi í umhverfisstarfi félagsins og hefur eftirlit með því að starfið uppfylli þær kröfur sem stefnan kveður á um.
- Sinnir öðrum verkefnum sem stjórn felur ráðinu.
- Greinargerð um störf ráðsins skal flutt á aðalfundi félagsins og birt í ársskýrslu.

### 1.4.6. Bakland Vífils

Í gegnum árin hefur Skátafélagið Vífill verið svo heppið að hafa stóran hóp fullorðinna skáta, eldri féлага og áhugasama foreldra sem hafa komið til aðstoðar í ákveðnum viðburðum í starfi félagsins.

Starf baklandsins er óformlegt, en viðburðirnir eru fjöldamargir og baklandið tekur meira og minna þátt í öllum viðburðum á félagsins. Má þar nefna félagsútilegur, kaffisölu og dagskrá sumardagsins fyrsta, 17. júní hátíðahöldin, jólaboð og jólabingó svo fátt eitt sé nefnt. Á Landsmótum er baklandið með í för og er fararstjórn til aðstoðar. Baklandið er mikilvægur og ómissandi hópur í umsjón og viðhaldi á skátaheimilinu og skátaskálanum. Baklandsliðar taka einnig þátt í uppskeruhátíð félagsráðs.

## 2. Starfsemi félagsins

### 3 ára starfsáætlun Vífls

#### 2018

##### Dagskrá

Aðalfundur félagsins í febrúar  
Skátaþing  
Umsjón hátíðahalda á sumardaginn fyrsta  
Hreinsunaráttak  
Framkvæmd hátíðahalda á 17. júní.  
Þátttaka í skátamótum sumarsins hérlendis  
Skátamót í Bretlandi  
Útilífsnámskeið og smíðavöllur í júní til ágúst  
Haustfagnaður (uppgjör sumarstarfs og innritun) í ágúst  
Unnið að nýjum skátaskála  
Félagsútilega í október  
Jólabingó í nóvember  
Jólafundur í desember

##### Markmið fyrir árið

Fjöldi skáta á skátaaldri í október 80  
1 skáti úr Vífli fái forsetamerkið  
Foringjar sæki Gilwell  
Tekjuafgangur af rekstri félagsins

#### 2019

##### Dagskrá

Aðalfundur félagsins í febrúar  
Skátaþing  
Hreinsunaráttak  
Umsjón hátíðahalda á sumardaginn fyrsta  
Framkvæmd hátíðahalda á 17. júní.  
Þátttaka í skátamótum sumarsins hérlendis  
Þátttaka á skátamótum erlendis  
Útilífsnámskeið og smíðavöllur í júní til ágúst  
Haustfagnaður (uppgjör sumarstarfs og innritun) í ágúst  
Unnið að nýjum skátaskála  
Félagsútilega í október  
Jólabingó í nóvember  
Jólafundur í desember

##### Markmið fyrir árið

Fjöldi skáta á skátaaldri í október 90  
Allir starfandi sveitarforingjar hafi lokið  
Gilwellþjálfun  
Tekjuafgangur af rekstri félagsins  
Fimm skátar frá Vífli fái forsetamerkið

#### 2020

##### Dagskrá

Aðalfundur félagsins í febrúar  
Skátaþing  
Hreinsunaráttak  
Umsjón hátíðahalda á sumardaginn fyrsta  
Framkvæmd hátíðahalda á 17. júní.  
Þátttaka á skátamótum sumarsins hérlendis  
Útilífsnámskeið og smíðavöllur í júní til ágúst  
Haustfagnaður (uppgjör sumarstarfs og innritun) í ágúst  
Félagsútilega í október  
Jólabingó í nóvember  
Jólafundur í desember

##### Markmið fyrir árið

Fjöldi skáta á skátaaldri í október 100  
Allir starfandi sveitarforingjar hafa lokið  
Gilwellþjálfun  
Tekjuafgangur af rekstri félagsins  
Sjö skátar úr Vífli fái forsetamerkið

#### 2021

##### Dagskrá

Aðalfundur félagsins í febrúar  
Umsjón hátíðahalda á sumardaginn fyrsta  
Hreinsunaráttak  
Framkvæmd hátíðahalda á 17. júní.  
Þátttaka á skátamótum sumarsins  
Útilífsnámskeið og smíðavöllur í júní til ágúst  
Haustfagnaður (uppgjör sumarstarfs og innritun) í ágúst  
Félagsútilega í október  
Jólabingó í nóvember



## 2.2. Stefnumótun og áætlanir

### 2.2.3 Áætlun um nýliðun

Einfaldasta leiðin til þess að fjölga skátum í skátafélagi er að lengja þann tíma sem barn tekur þátt í skátastarfi og það er gert með því að standa fyrir gæðastarfi og leita ástæðna fyrir brotthvarfi. Samkvæmt skátadagskrá eru skátar á aldrinum 7-25 ára. Það getur verið mjög mismunandi eftir árum hvaða aldurshópar eru fjölmennastir. Áskorunin er að halda þeim sem byrja í starfi en ákveðið hlutfall kemur og fer. Það eru börn sem eru að prófa og flakka gjarnan á milli tómsundastarfa þar til þau finna fjölinna sína. Aukning hefur undanfarin ár verið skrifuð á gott skátastarf sem hefur spurst út þar sem ekki hefur verið farið í sérstakar auglýsinga- eða nýliðunarherferðir. Fjölgun í félagi má ekki vera of hröð svo það missi ekki tókin og nái ekki að skila gæðastarfi. Foringjalið Vífils er öflugt og fjölmennt og með fjölmönnum sveitum rekka og róverskáta er mikill auður fólgin í hæfum foringjum og foringjaefnum.

### 2.3. Stefna í friðarmálum/ jafnréttismálum

Skátafélagið Vífill starfar eftir meginmarkmiðum skátastarfs í heiminum að efla bræðralag og jafnrétti óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, þjóðfélagsstöðu eða trú. Samkvæmt lögum BÍŚ eiga allir að geta tekið þátt í skátastarfi óháð t.d. trúarskoðunum, litarhætti eða þjóðerni. Skátafélagið Vífill starfar í anda laganna.

Skátafélagið Vífill fer erlendis á skátamót þegar því er komið við. Einnig hvetur félagið foringja og skáta til þess að sækja skátamót erlendis sem þátttakendur með öðrum hópum. Með þessu ýtir félagið undir það að skátarnir kynnist öðrum menningarheimum. Enn fremur hefur félagið tekið þátt í móttöku hópa erlendis frá.

Skátafélagið Vífill vill að skátarnir kynnist öðrum menningarheimum til þess að geta tekið öllum opnum örmum án fordóma. Að kynna sér hlutina er ein besta leiðin til að útrýma fordómum. Skátafélagið vill að skátarnir taki vel á móti öllum og að þeir virði rétt annarra.

### 2.4. Forvarnastefna

Markmið félagsins er að skila gæðastarfi þar sem allir geta verið öruggir og náð að njóta sín og þroskast. Ef upp koma vandamál eða einstök atvik að ræða þau, upplýsa viðeigandi aðila og leita lausna. *Viðbragðsáætlun BÍŚ* höfð til hliðsjónar í öllu starfi félagsins. Allir foringjar og fullorðnir skila inn heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá sbr. æskulýðslög nr. 70/2007 og lögð er áhersla á að foringjar og aðrir fullorðnir í starfi sækji námskeiðið *Verndum þau*. Í Garðabæ er í gangi verkefni sem heitir *Velferð barna* og felur það í sér samræmingu á viðbrögðum allra sem starfa með börnum og ungmönnum í Garðabæ, skýra verkferla og fræðsluáætlun um viðbrögð við ofbeldi og vanrækslu svo og kynferðislegu ofbeldi.

Gerðar eru kröfur til foringja og þeir studdir í starfi. Ábyrgð þeirra er mikil og afar brýnt að þeir séu vakandi fyrir hverju því sem upp kann að koma og tilbúnir til þess að leita aðstoðar við úrlausnir. Foringjaráðsfundur er mikilvægur liður í því starfi auk þess sem viðvera starfsmanns félagsins er nauðsynleg. Félagisstjórnin kemur að málum eftir því sem þörf krefur. Lögð er áhersla á að upplýsa foreldra og ná sem bestu samstarfi við þá. Vinnureglur um samfélagsmiðla eru þeir að reglur um aldur innskráðra er virtur og miðlar eins og *Facebook* eru ekki notaðir til samskipta innan skátasveita 13 ára og yngri.

## 2.5. Stefna í fíkni- og vímuefnum

Skátastarfið gegnir mikilvægu hlutverki í forvörnum gegn neyslu fíkni- og vímuefna, því eitt af meginmarkmiðum skátastarfs er að gera einstaklinginn ábyrgan á eigin velferð með því að stunda heilbrigt lífni. Með neyslu fíkni- og vímuefna er átt við neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuvaldandi efna.

Skátafélagið Vífill vill stuðla að alhliða þroska barna og unglunga og að þau alist upp í tryggu umhverfi án fíkni- og vímuefna. Þess vegna á neysla slíkra efna aldrei samleið með skátastarfi.

Markmið:

- Skátar neyti ekki fíkni- eða vímuefna og ástundi heilbrigt lífni í starfi með félaginu.
- Tóbaksnotkun í starfi er ekki leyfð. Bannið gildir um allt tóbak í hvað formi sem það er notað. Foringjar séu góðar fyrirmyndir og gegni mikilvægu hlutverki í forvörnum.
- Gott samstarf við foreldra/forráðamenn.

Framkvæmd:

- Öll neysla fíkni- og vímuefna er bönnuð í skátaheimili, skátaskála, í útilegum og ferðum á vegum félagsins og á skátamótum. Bann við neyslu áfengis gildir ekki um veislusal skátaheimilis þegar hann er leigður út til veisluhalds enda eru slíkir viðburðir aldrei leyfðir á sama tíma og skátastarf.
- Brugðist verður sérstaklega við neyslu fíkni- og vímuefna skáta í starfi félagsins. Foreldrar/forráðamenn verða undantekningarlaust upplýstir um slíka neyslu ef skáti er undir 18 ára aldri. Ef skáti er orðinn sjálfráða verða viðbrögð við brotum á reglum í formi tilmæla og ábendinga.
- Unnið verði með slík mál samkvæmt [Viðbragðsáætlun BÍS](#).
- Viðbrögð félagsins við neyslu fíkni- eða vímuefna munu ávallt mótast af vilja til að aðstoða skátann við að hætta neyslu og laga sig að reglum félagsins svo hann geti haldið áfram að starfa innan félagsins.
- Foringjar skulu starfa eftir forvarnarstefnu Vífils, þar með talið að bregðast við fíkni- og vímuefnaneyslu á viðeigandi hátt.
- Foringjar skulu framfylgja stefnu skátafélagsins Vífils varðandi samstarf við foreldra/forráðamenn og aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga.
- Skátafélagið Vífill mun upplýsa foreldra/forráðamenn um stefnu skátafélagsins í fíkni- og vímuefnum.
- Skátafélagið Vífill mun starfa náið með fagfólki í forvörnum og hafa samráð við foreldra, þurfi að taka á neysluvandamáli skáta undir sjálfræðisaldri.

## 2.6. Eineltisstefna

Skátafélagið Vífill lýsir því yfir að einelti verður ekki liðið í félaginu. Félagið er aðili að verkefni *Gegn einelti í Garðabæ*.

Leitað verður allra ráða til að samskipti innan félagsins séu góð og verði til þess að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Félagið á að vera öruggur staður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Félagið starfar að þessum málaflokki í samvinnu við BÍS og Æskulýðsvettvanginn og sækir þangað stuðning og þekkingu. Vísað er til [Viðbragðsáætlunar BÍS](#) við úrvinnslu eineltismála.

**Skilgreining:**

Einelti er endurtekin áreitni, líkamleg eða andleg, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Líkamlegt einelti getur verið barsmíðar, spörk, hrindingar eða meiðingar af öðru tagi. Andlegt einelti felst í stríðni, útilokun, hótunum eða höfnun.

**Viðbrögð við einelti:**

Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og þess vegna er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf á að fara eftir. Þeir sem taka á málum verða að veða og meta hverju sinni hvaða leið er líklegust til árangurs.

- Ef grunur um einelti, innan félagsins, kemur upp á að láta sveitarfóringja vita, hann á að kanna málið með aðstoð frá starfsmanni, stjórn eða öðrum innan félagsins.
- Tilkynna verður stjórn um öll mál sem upp koma og hvernig tekið er á þeim.
- Tryggja þarf öryggi þolanda. Afla þarf sem nákvæmasta upplýsinga um málið, frá öllum hlutaðeigendum, eins fljótt og hægt er. Ekki á að spyrja þolanda í viðurvist annarra barna og varast skal að gefa gerendum kost á að hópa sig saman í varnarstöðu. Foreldrar eru upplýstir.
- Þolandinn á að fá stuðning. Besti stuðningurinn byggist á trausti um að málið sé tekið alvarlega.
- Árangursríkast er að tala við gerendur einn og einn í senn.
- Þegar talað er við gerendur á að gera þeim ljóst að þeir verði að hætta eineltinu. Sá sem ræðir við gerendur á að sýna þeim kurteisi, varast skammir en ganga út frá því að þeir bæti ráð sitt. Þessu verður að fylgja eftir með vöktun. Gerendum þarf að vera ljóst að fylgst er með þeim og þeim hrósað fyrir breytta framkomu. Foreldrar eru upplýstir.
- Þegar einstaklingur leitar hjálpar vegna eineltis verður að koma í veg fyrir að hann verði fyrir hefndaraðgerðum frá gerendum.
- Fylgjast þarf með málsaðilum eftir að unnið hefur verið að lausn eineltismála til þess að sama sagan endurtaki sig ekki. Ef einelti er illviðráðanlegt getur þurft að vísa gerandanum úr félaginu.

**2.7. Umhverfisstefna**

Skátafélagið Vífill leggur áherslu á fræðslu í umhverfismálum, um náttúruna, lífríkið og hvernig ganga má um náttúruna án þess að valda raski á dýralífi og gróðri eða skilja eftir sig ummerki. Skátafélagið vill að skátarnir læri að bera virðingu fyrir landinu og náttúru þess. Eitt af markmiðum skátahreyfingarinnar er að efla einstaklinginn og kenna honum að bjarga sér á eigin spýtur og í hópi við hinar ýmsu aðstæður.

- Í starfi félagsins skal þess gætt að skaða ekki umhverfið og best er ef það eina sem við skiljum eftir okkur eru fótspor og það eina sem við tökum með okkur eru ljósmyndir og ljúfar minningar.
- Í starfi félagsins skal skátunum kennd virðing fyrir sjálfum sér, náunganum, umhverfi og náttúrunni í kringum okkur.
- Ræstiefni sem notuð eru á vegum skátafélagsins skulu vera af vistvænum toga. Einnig er lögð áhersla á að skátar noti ekki í starfi sínu efni sem brotna seint eða illa niður í náttúrunni.
- Í starfinu skal varast að nota einnota umbúðir og sorp skal flokkað í skátaheimilinu, Vífilsbúð, í félagsútilegum og skátamótum sem Vífill tekur þátt í.
- Í starfi félagsins skal lögð áhersla á spara orku s.s. raforku og heitt vatn.
- Félagið tekur þátt í hreinsunaráttaki Garðabæjar á hverju vori og hreinsa skátar nánasta umhverfi skátaheimilisins ásamt nærliggjandi svæðum.

## 2.8. Útivistarstefna

Eitt að grunngildum í skátastarfi er útlíf. Skátafélagið Vífill leggur áherslu á að skátar eigi þess kost að fara í margar fjölbreyttar ferðir með félaginu t.d flokksútilegur, sveitarútilegur, dagsferðir með sveitinni, félagsútilegur, ferðir um sumar með flokk, sveit eða félagi. Þess skal gætt að stígandi sé í starfinu og ábyrgð skátanna á sjálfum sér vaxi jafnt og þétt.

Félagið stundar fjölbreytta útivist þar sem er t.d. hjólað, gengið eða siglt. Skálaferðir eru yfirleitt stundaðar að vetri en tjaldferðir að sumri. Hvert aldurstig vinnur að þjálfun skáta eftir þroska þeirra í útivist með t.d gönguferðum, rötun og náttúrufræðslu. Með útivistinni stuðlar félagið að betri umhverfis- og náttúruvitund skáta í félaginu og getu þeirra til að ferðast jafnt sem innan- og utanlands.

### *Útivistaráætlun aldurstiga:*

#### Drekaskátar

Ein sveitarútilega

Tvær dagsferðir með sveitinni

Drekaskátamót

Drekaskátar nýta að mestu nærumhverfið sitt og fara í styttri ferðir.

#### Fálkaskátar

Tvær sveitarútilegur

Tvær dagsferðir með sveitinni eða flokknum

Félagsútilega

Ein til tvær ferðir á skátamót eða tjaldútilega að sumri

#### Dróttaskátar

Tvær sveitarútilegur

Tvær dagsferðir með sveitinni eða flokknum

Félagsútilega

#### Rekkaskátar

Tvær dagsferðir með flokknum

Tvær sveitarútilegur

Tvær dagsferðir með sveitinni

Ferðir í samstarfi við HSG

Félagsútilega

Ein til tvær ferðir á að sumri innanlands eða erlendis

Rekkaskátar stefna á utanlandsferð eða lengri sumarferð innanlands annað hvert ár.

#### Róverskátar

Fjölbreytt dagskrá og ýmsar áskoranir í útlífi

## 3. Fjármálastjórn

Grundvöllur starfsins er að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til rekstrar á aðstöðu og búnaði félagsins. Garðabær styrkir félagið myndarlega og gerir styrkurinn kleift að hafa starfsmann í 50% starfi. Garðabær hefur einnig gefið eftir fasteignagjöld til félagsins sem auðveldar rekstur húseignarinnar. Aðrar tekjulindir eru félagsgjöld sem eru innheimt tvisvar á ári. Upphæð félagsgjalda tekur mið af hvatapeningum sem Garðabær veitir foreldrum barna á aldrinum 6 – 18 ára. Félagið hefur tekjur af kaffisölu á sumardaginn fyrsta, sumarnámskeiðum og hátíðahöldum á 17. júní. Leiga á skátaskálanum fer í viðhald hans og rekstur. Hið sama gildir um útleigu á samkomusal félagsins. Styrk fjármálastjórn er mikilvæg svo reksturinn gangi upp og skiptir þar miklu máli að hafa hæfan gjaldkera sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á fjármálum og rekstri. Enn fremur þarf að annast launabókhalld vegna starfsmanns og umsjónarmanna sumarnámskeiða. Endurskoðendur vinna mikilvægt starf og sömuleiðis er það verkefni stjórnar að hafa eftirlit með gjöldum og tekjum félagsins og þar sé jafnvægi á milli. Sú leið hefur verið farin að greiða ekki foringjum fyrir vinnu þeirra en umbuna þeim a.m.k. tvisvar á ári með gjöfum eða eingreiðslum. Foringjar greiða ekki félagsgjöld eða kostnað við útilegur.

Félagið á talsvert af búnaði bæði til útivista og leikja. Starfsmaður heldur utan um búnaðinn og er mikilvægt að allir sem hann nota hafi það viðhorf að fara vel með og vera nýtnir. Eignaskrá þarf að endurnýja og fullgera.

## 4. Fræðslumál og menntun

### 4.1. Símenntunaráætlun

Skátafélagið Vífill leggur áherslu á að foringjar í félaginu njóti góðrar menntunar og þjálfunar í skátafræðum, félagsstarfi og starfi með börnum og unglingum. Markviss símenntun tryggir fagmennsku í starfi skátafélagsins og eykur áhuga og virkni þeirra sem í því starfa. Skátum sem starfa í Vífli gefst kostur á að fara á þau námskeið sem í boði eru á vegum BÍS og skátafélagsins og gerir skátafélagið allt sem í þess valdi stendur til þess að gera þeim það mögulegt. Þá eru skátar og foringjar upplýstir um og hvattir til þess að sækja fræðslufundi, málstofur og ráðstefnur sem varða störf skáta í Vífli. Lögð er áhersla á að allir sem starfa sem foringjar, í stjórn eða baklandi sæki námskeiðið *Verndum þau*.

Skátafélagið greiðir kostnað við þátttöku foringja á námskeiðum. Rekkaskátar þurfa ekki að greiða fyrir þátttöku í þeim námskeiðum sem þarf að ljúka til þess að fá afhent forsetamerki. Vífill hefur m.a. greitt kostnað fyrir einn einstakling sem tekur þátt í *Crean* verkefninu.

Aðstoðarsveitarforingjar, sveitarforingjar, stjórn og aðrir í föstum nefndum á vegum félagsins geta sótt um menntastyrk t.d. vegna *Gilwell*, *IMWe* og annarra viðburða sem haldnir eru undir merkjum símenntunar og nýtast sannarlega í skátastarfi með því skilyrði að styrkþegar séu tilbúnir að miðla til annarra foringja af fenginni þekkingu sinni. Gerð er krafa um að þeir starfi áfram með félaginu í a.m.k. tvö ár eftir að styrkur er veittur.

### *Sveitarforingjar:*

Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar eiga þess kost að fara á námskeið á hverjum vetri sér að kostnaðarlausu. Foringjanámskeið eru reglulega á dagskrá. Stefnt er að því að sveitarforingjar og sem flestir félagar ljúki *Gilwellþjálfun*. Foringjar eru hvattir til þess að sækja fræðslu á vegum BÍS.

### *Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi:*

Þeir starfsmenn sem starfa við sumarnámskeið Vífils taka árlega þátt í námskeiðum sem BÍS stendur fyrir. Þar á meðal er skyndihjálparnámskeið, leikjanámskeið og *Verndum þau*. Einnig þreytir hluti þeirra sundvarðapróf. Slíkt próf þarf að hafa ef borin er ábyrgð á hópi barna í sundlaug.

## 5. Samstarf

### 5.1. Vífill og Bandalag íslenskra skáta

Skátafélagið Vífill starfar innan vébanda Bandalags íslenskra skáta og á í lýðræðislegu samstarfi við aðildareiningar BÍS, stjórn og nefndir. Að því er stefnt að Vífill taki þátt í öllum sameiginlegum viðburðum sem haldnir eru á vegum BÍS og eiga erindi við félagið eða féлага þess.

### 5.2. Vífill og önnur skátafélög

Skátafélagið Vífill á í ýmsu samstarfi við önnur skátafélög í Garðabæ. Félagið hýsir nú Radióskáta og á gott samstarf við skátafélagið Svani á Álftanesi. Sem dæmi má nefna sameiginlega umsjón viðburða í

bænum og samstarf í sumarstarfi. Félagið á einnig gott samstarf við önnur skátafélög sem getur verið með margvíslegum hætti allt eftir efnunum og aðstæðum.

### 5.3. Vífill og Garðabær

Starfssvæði Vífils er Garðabær. Starf Vífils er mikilvægur hluti af félagslegu og menningarlegu umhverfi sveitarfélagsins og því vill Vífill reka sitt starf í samvinnu og samráði við bæjarstjórn, bæjarskrifstofur og stofnanir bæjarins. Með þetta að leiðarljósi er Vífill aðili að þjónustusamningi Skátafélagsins Vífils og Garðabæjar um skátastarf. Samstarf við umhverfisnefnd og þjónustusvið bæjarins er mjög gott.

### 5.4. Vífill og foreldrar

Skátafélagið Vífill vinnur að góðu samstarfi við foreldra skáta og stuðla að því að foreldrar séu ávallt vel upplýstir um starfsemi félagsins og verkefni skátanna. Framkvæmd:

1. Foreldrar fá sent rafrænt fréttabréf í upphafi annar með upplýsingum um starfsáætlanir sveita og/eða flokka.
2. Foreldrar fá sent bréf/tölvupóst eftir hvern sveitarfund með upplýsingum um helstu viðfangsefni og hvernig gengur. Einnig má nýta vef félagsins og Facebook-síðu til þess sama og birta þar myndir úr starfinu.
3. Haldnir verði, árlega eða oftár, foreldrafundir í öllum sveitum til þess að kynna starfið. Á fundunum er æskilegt að foreldrar fái að spreyta sig á ýmsum skátaverkefnum sér til gamans.
4. Foreldrum er vísað á vefsíðu Vífils þar sem finna má starfsáætlanir og helstu viðburði sem félagið kemur að í bænum. Félagið heldur einnig úti Facebook-síðu. Þar eru birtar myndir og stuttir fréttamolar.
5. Foreldrar eru upplýstir um stefnu skátafélagsins í umhverfismálum, fíkní- og vímuefnum og eineltismálum.
6. Leitað er markvisst til foreldra eftir aðstoða við viðburði og þeim boðið að taka þátt í starfinu.
7. Haldnir eru kynningarfundir fyrir stærri viðburði, svo sem skátamót og utanlandsferðir.
8. Foreldrum stendur til boða að taka þátt í ýmsum opnum viðburðum á vegum félagsins. Það er þekkt leið að biðja foreldra um aðstoð og fá þá þannig fleiri fullorðna til liðs við bakland félagsins.

### 5.5. Vífill og Hjálparsveit skáta í Garðabæ

Skátafélagið Vífill og Hjálparsveit skáta í Garðabæ eiga í margvíslegu samstarfi. Félögin reka sameiginlegt félagsheimili, Jötunheima. Þau eiga í nánunni samstarfi um framkvæmd starfs fyrir unglinga og styðja hvort annað í ýmsum þjónustu- og fjáröflunarverkefnum. Samstarf þessara félaga er byggt á þeirri sýn að með öflugum samstarfi er verið að styrkja innviði beggja félaga, ná hagræðingu í rekstri, auka stíganda í skátastarfi og stuðla að tryggri nýliðun í starfi hjálparsveitarinnar. Samstarfið er formlegt um rekstur húsnæðis en óformlegt á margan annan hátt. Félögin taka þátt í hreinsunaráttaki í Garðabæ á hverju vori. Samstarfssamningur félaganna var endurnýjaður í febrúar 2018. Sjá fylgiskjal nr 6.6.

### 5.6. Vífill og alþjóðastarf

Skátar í Vífli hafa oft farið erlendis. Í ferðunum og í undirbúningi þeirra er þess gætt að kynna þeim náttúru og samfélag þess lands sem er heimsótt t.d. með heimagistingu. Á landsmótum skáta er stuðlað að samstarfi Vífla við erlenda skáta. Skátafélagið Vífill hefur einnig tekið þátt í norrænum vinabæjarmótum. Leita þarf leiða til þess að kynnast skátastarfi í öðrum löndum t.d. með því að fá

erlenda skáta sem gista í Jötunheimum til þess að kynna sig og skátastarf í heimalandi sínu fyrir skátum í Vífli. Nú þegar er félagið í samstarfi við skáta í Devon í Bretlandi.

### ***5.7. Skátar af erlendum uppruna***

Félagsráð hefur sett sér markmið um að ná til ungmenna af erlendum uppruna og auðga þannig starfið og vinna gegn fordómum. Eftirfarandi hugmyndir hafa verið settar fram til þess að ná því markmiði. Starfandi skátar setji sig í samband við erlenda skólafélaga og kynni skátastarf. Þá mætti koma á samstarfi við *Rauða krossinn* og *Alþjóðaskólann í Garðabæ*. Einnig mætti fá skátaforingja af erlendum uppruna til starfa og sýna þannig fram á fjölbreytileika í starfinu. Þátttaka í sjálfbóðaliðastarfi s.s. sem kynningarvinir erlendra fjölskyldna. Félagið starfar í frekar einsleitu samfélagi og þarf því að leita fjölbreyttra leiða til þess að fá tækifæri.

## 6. Fylgiskjöl



### 6. 1. Um hæfi sveitarforingja

#### 10. Reglugerð Bandalags íslenskra skáta um hæfi skátaforingja

##### 1. gr.

Með skátaforingja er í reglugerð þessari átt við þann lögráða einstakling sem hefur verið skipaður til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja, formanns skátasambands eða skátahöfðingja.

Reglugerð þessi nær ekki til flokksforingja og annarra aðstoðarforingja sem ekki eru lögráða.

##### 2. gr.

Þann má skipa skátaforingja sem æskir þess og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er vígður skáti.
2. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum skátaforingja.
3. hefur forræði á búi sínu og hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta s.l. 2 ár
4. er ekki á sakaskrá.
5. hefur lokið viðeigandi þjálfun til að gegna starfi sínu að mati skipunaraðila.
6. hefur unnið skriflegt heiti að viðlöggðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samvirkusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin og hann tekur að sér sem skátaforingi og að hann hafi aldrei gerst brotlegur gegn börnum.

Að auki skal sá sem er skipaður félagsforingi hafa náð 25 ára aldri.

##### 3. gr.

Umsókn um leyfi til að gerast skátaforingi skal beint til viðkomandi félagstjórnar eða skátasambands að því undanskildu að umsókn um leyfi til að gerast félagsforingi, formaður skátasambands eða að starfa fyrir BÍS skal beint til stjórnar BÍS. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Félagsforingi eða formaður skátasambands gefur út skipunarbréf handa skátaforingja að því undanskildu að Skátahöfðingi gefur út skipunarbréf fyrir félagsforingja, formenn skátasambanda og aðra skátaforingja er starfa fyrir BÍS.

##### 4. gr.

Nú uppfyllir skátaforingi ekki öll skilyrðir 2. gr. eftir að hafa hlotið skipun eða brýtur gegn drengsskaparheiti sínu, skal hann þá að eigin frumkvæði skila inn skipunarbréfi sínu ella er félagsforingja, formanni skátasambands og/eða stjórn BÍS skylt að afturkalla skipunarbréf hans.

##### 5. gr.

Stjórn BÍS er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 1. – 4 tl. 2. gr. við skipun skátaforingja, ef ríkar ástæður eru fyrir hendi.

Samþykkt á fundi stjórnar BÍS 24. ágúst 2004



## 6. 2. Drengskaparheit sveitarforingja

### Drengskaparheit skátaforingja

Ég \_\_\_\_\_  
(nafn og kennitala),

í skátafélaginu Vífli heiti því að viðurlögðum drengskap mínum:

- að halda í heiðri skátaheitið, skátalög og landslög í öllu skátastarfi mínu og gæta heiðurs skátahreyfingarinnar jafnt í skátastörfum sem öðrum athöfnum.
- að rækja af trúmennsku og samvirkusemi öll þau störf sem mér kunna að verða falin eða ég tek mér fyrir hendur sem skátaforingi.
- að ég hef ekki og mun ekki brjóta gegn andlegri eða líkamlegri heilsu þeirra skáta sem mér er treyst fyrir og halda í einu og öllu trúnað um það sem mér er treyst fyrir í skátastörfum mínum og leynt á að fara.
- 

Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_

Vottar:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Kt.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Kt.



### 6. 3. Skylduverkefni foringja og sveita

## Skylduverkefni í þágu félagsins

- Skil á skýrslu um starfið í janúar og júní
- Taka þátt í félagsútilegu
- Mæta á foringjaráðsfundi og félagsráðsfundi
- Aðalfundur. Skyldumæting foringja. Allir eldri en 16 ára velkomnir
- Fara með sveitina á skátamót
- Sumardagurinn fyrsti – undirbúningur daginn áður – **allir**
- Hreinsunaráttak í byrjun maí – verði hluti af umhverfisvernd og samfélagsþjónustu - **allir**
- 17. júní ásamt undirbúningi – **allir**
  - (Drekaskátar og yngri Fálkar þurfa verkstjórn. Geta tekið að sér að týna upp rusl – sjá hvað hinir fá að gera. Drekar fá gönguæfingu og séu með í skróðgöngunni fyrir aftan fánaborg. Fá aðstoð foreldra) Elstu Fálkar með og verður það byrjun á uppgöngu þeirra í dróttskátastarf.

**Mikilvægt er að foringjar sinni þessum verkefnum til enda starfsársins.**



#### 6.4. Upplýsingar úr sakaskrá

Heimild til Bandalags íslenskra skáta til öflunar upplýsinga úr Sakaskrá ríkisins.

Í æskulýðslögum nr. 70/2007 segir í 3. – 4. mgr. 10. gr.: „Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum, sem 2.gr. tekur til og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs. Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótt- og tómsundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma og 2. gr. tekur til, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota sem 3. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans.“

Undirrituð/undirritaður veitir hér með Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins hvort viðkomandi hefur hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum.

Kjósi undirrituð/undirritaður að afturkalla umboð eða heimild þessa skal það gert skriflega.

Staður: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

Undirskrift: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

## 6. 6. Samstarfssamningur við HSG



# Samkomulag á milli Hjálparveitar skáta í Garðabæ og Skátafélagsins Vífils



Hjálparveit skáta í Garðabæ, kt. 431274-0199 og Skátafélagið Vífill, kt. 530576-0439 gera með sér samkomulag um náð samstarf um skáta, 15 ára og eldri um fræðslu og verklega þjálfun í málefnum tengdum björgunarstörfum.

### Hjálparveit skáta Garðabæ leggur til:

- Tækjakost (bílar, klifurgræjur, talstöðvar ofl.)
- Ábyrgðaraðila sem sér um að halda utan um og setja saman dagskrá og er tengiliður við Vífill varðandi þessi efni
- Mannskap í ferðir tengdar dagskrá um útivist og björgun
- Þekkingu og reynslu frá reyndu björgunarsveitarfólki
- Yngri sveitir geta sett sig í samband við tengilið og óskað eftir kennslu í útivist og björgun

### Skátafélagið Vífill leggur til:

- Tækjabúnað Vífils (bifreið, tjöld, borð, bekkir ofl.)
- Aðgengi og afnot af samkomusal
- Ábyrgðaraðili sem er tengiliður við HSG varðandi þessi efni og sér til þess að foringi eða skáti eldri ern 18 ára á vegum Vífils sé viðstaddur alla sameiginlega dagskrárliði
- Skýrar reglur um vinnu með börnum
- Afnot af Vífilsbúð eða öðrum skátaskála í eigu Vífils.

### Sameiginleg verkefni:

- Húsfundir árlega og eftir þörfum
- Sumardagurinn fyrsti – HSG leitast við að mæta á skemmtun Vífils með tækjabúnað
- Önnur tilfallandi verkefni

### Ávinningur:

- Hærra hlutfall skáta kynnist björgunarsveitarstarfi
- Fjölbreyttara skátastarf
- Fjárfesting í framtíðinni
- Skátar öðlast meiri þekkingu og reynslu í útivist
- Skátastarf er góður undirbúningur fyrir starf í hjálparveit
- Sameiginleg markaðssetning – betri ímynd
- Saman byggjum við upp sjálfstæða, ábyrga og virka einstaklinga í samfélaginu

Samkomulagið tekur gildi frá og með aðalfundi Vífils 28. febrúar 2018. Samningur er uppsegjanlegur af öðrum hvorum aðilanum með þriggja mánaða fyrirvara.

Garðabæ 28. febrúar 2018

F.h. Hjálparveita skáta í Garðabæ

F.h. Skátafélagsins Vífils

## 6.7. Samkomulag um sérstök verkefni



# Samkomulag um sérstök verkefni

Skýrsla vegna endurskoðunar samkomulags.

Skýsla unnin af: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Skýrsla: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Úrbætur sem þarf að gera:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Endurskoðun markmiða:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Undirritað: \_\_\_\_\_

## 6.8. Önnur fylgiskjöl sem styðja við starfið

- Starfsáætlun ársins – nákvæmari áætlun
- Ársskýrsla til upplýsinga um starfið
- Húsreglur
- Leiðbeiningar til foringja
- Handbók fyrir ferðir á skátamót
- Útbúnaðarlistar
- Foreldrabréf
- Verkefnalýsinga
- Nafna- og netfangalisti stjórnar og foringja

•